

STEPHAN G. STEPHANSSON.

Ellin H.P. 1913.



Hemili S. G. S. i Atlanta.

SUNNANFARI

XII, 10.

REYKJAVÍK

#

OKTÓBERMÁN.

1913

Stephan G. Stephansson.

How poor in judgment man is,
how quadrupedal still.

I.

Stephan G. Stephansson, eitt af helztu skáld-
um í Bretaveldi, er
sexlugur orðinn.
Hann fæddist 3.
október 1853 á
koti í Skagafirði
sem Kirkjuból heit-
ir, og verður bæj-
arnafnið svolítið til
þess að minna
mann á, að kirkj-
an atti forðum hinn
drygsta þátt í að
búa svo stóráttuð-
um mönnum kot-
ungskjör. Foreldr-
ar hans fluttu á
hverja kotjörðina
af annari, og höfðu
með sér Stefán litla,
og var enginn þar
í sveitum, nándar
nærri nógu vitur
til að sjá, að þar
var eitt af mestu
mannsefnum á
landinu, og of lífill
gaumur gefinn.
Eltir fermingu fór
Stefán svo í vinnu-
mensku að Mjóa-
dal, það er suður
af Bárðardalnum,
nærri óbygðum og
tröllahöndum, ef nokkrar væru á landi hér.



Stephan G. Stephansson.

Pykir þar nú ekki líft öðru en sauðum og
nautum, og þó aðeins að sumarlagi.

Tvítugur, fyrir fjörutíu árum, fer svo Stefán
til Vestarheims, útlægur ger úr íslenzku þjóð-
félagi, eins og ekki allfáir ágætir Íslendingar,
fyr og síðar. Og þó að menn lesi alt sem

skrifað var á landi
hér 1873 og þau
árin, munu þeir
fráleitt nokkurs-
staðar sjá getið
þeirra tíðinda, að
einmíkt þessi mað-
ur varð að fara í
útlegð, og að ís-
lenzkt þjóðerni átti
þá á hættu að tapa
þessum þættinum,
sem svo mikið var
í spurnið, af greind,
af snild og af þreki.

Það fór þó bet-
ur en á horfðist.
Loftið í Mjóadal
— úti — hafði að
minsta kosti verið
gott, og gert taug-
arnar sterkar, og
snillingurinn hafði
sig áfram þrátt
fyrir alla örðug-
leika og varð það
aflögufær, að hann
hefir gefið íslenzkri
menning stórgjafir,
sem ennþá hafa
hvergi nærri verið
metnar og þakk-
aðar eins og
vert væri.

II.

Stefán skáld hefir verið fastheldinn við islenzkuna. Og ekki kemur það til af því, að hann hafi ekki getað lært önnur mál. Ekki man eg eftir, að hann hafi nokkursstaðar heinlínis lýst yfir þeirri sannfæring sinni, að islenzk tunga sé allra tungumála tignust og framfarahæfust. En þetta mun nú samt vera trú hans, og það er hin rétta trú, það er trú á sannleik. Og væri hún röng, þá væri baráttan fyrir islenzku þjóðerni, að minni ællan, ærið hégómakend. Því að það væri heimska ein, að vera að halda í eitthvað, sem litilsvert væri hjá öðru sem öðlast mætti, einungis vegna þess, að það væri arfur frá forfeðrunum. En trúi Íslendingar á rétt þeirrar tungu, sem Æsirirnir sjálfir komu með til Norðurlanda, og hagi þeir sér eptir þeirri trú, þá geta þeir orðið stórveldi í Vesturheimi og haft hin heillavænlegustu áhrif á hina ensku heimsmenning.

Þeir sem kynnu að halda, að eg sé að fara með öfgar einar, ættu að láta sér skiljast, hve drjúg áhrif til góðs Íslendingar hafa haft á danska menning og danskt ritmál. Og samt hafa þeir, jafnvel þó að oftar hafi síður skort kapp en forsjá, aldrei, enn sem komið er, þorað að treysta sínum málstað til fulls, eða ekki kunnað að meta hann til fulls. Og er það sannast að segja, að islenzkir mentamenn hafa verið of berir að baki oftast nær, og of lítið átt að fagna samúð þeirrar þjóðar, sem verst hefir verið sjálfri sér allra Norðurlandþjóða; sem hefir látið falla í gleymsku nöfn hinna ágætustu rithöfunda og skálda, og ekkert orð á til yfir það, sem Stephan G. Stephansson er á svo háu stigi, og á útlendu máli er nefnt »genic«.

III.

Þrisvar sinnum hafa Íslendingar reynt til að nema Vesturheim. Í fyrsta skifti frá Grænlandi, þegar bygð var ennþá ung á Íslandi. Það mistókst. Indíánar urðu Íslendingum yfirsterkari. En hver veit nema einhverjir dropar af islenzku blóði sé í Indíánum ein-

hverstaðar, og jafnvel eitt og annað islenzkt orð kynni að finnast í máli þeirra, ef vel væri leitað.

Í annað skifti hröktust Íslendingar frá Grænlandi yfir til Ameríku, á flóttu fyrir Skrælingjum. Þetta er tilgáta manna. Flóttamennirnir lentu á hinni ógistilegustu ishafsströnd. En þó gátu þeir hafst þar við, og aukið kyn sitt; en svo erfitt hafa þeir átt, að þegar Íslendingurinn Vilhjálmur Stefánsson fann þá nú fyrir skömmu, þekti hann ekki málið; atkvæðin voru frosin sundur og saman í kuldunum og bókméntaleysinu, en klakað yfir sumt. Þetta er, eins og menn skilja, ekki annað en tilgáta, og bið eg Vilhjálmi mikillega að afsaka sé hún röng, sem vel getur verið.

Þriðja tilraunin að nema Vesturheim, var svo gerð nærri þúsund árum eftir að Ísland var numið frá Noregi. Og þó að ilt væri að missa Stefán af landi burt, þá er það samt hins vegar góðs viti, að í því flóði skyldi vera einn af höfuðsnillingum islenzkrar tungu, sem engin útlegð megnaði að kúga frá máli guðanna og forfeðranna.

Og í þetta skifti verður tilraunin að takast. Og þar eru góð spor stigin, ef Íslendingum tekst að sýna enskumælandi mönnum fram á, að islenzk tunga er nokkurskonar aðalsmál, á borð við latínu og grísku, og þó um sumt betri, og að öllu framfarahæfari. Og þar hjálpa vonandi auðmennirnir islenzku, með því að stofna islenzkan háskóla í Vesturheimi, alíslenzkan, þar sem islenzkar forn- bókmentir eru mest metnar og þær sem þeim eru skyldastar, heilagar ritningar Indverja, en júðskar forn- bókmentir eru ekki látnar skipa öndvegi og taldar öllu æðri, eins og enskir (og helzt þeir sem eru af gyðingættum) hafa gert, og gera enn af svo miklum ákafa, en Íslendingar ættu að varast að taka eftir þeim, þó að ýmislegt gott sé einnig í þeim fræðum. Og ekki mega Íslendingar heldur láta telja sér trú um, að það sé einkisvert, að geta talið ætt sína til göfugra manna og ágætra, eða láta afburðamann í

ættfræði, eins og Styrkár Véstein (Jósafat ættfræðing), vera í vandræðum, sakir ræktarleysis meðal Íslendinga vestanhafs, við þá fræðigrein, sem forseður þeirra hafa stundað öllum þjóðum betur. Íslendingum sæmir ekki að afrækja fornfræði; en einginn skilji samt orð mín svo sem eg vilji telja úr mönnum að leggja stund á aðrar vísindagreindir, eða læra önnur tungumál en íslenzku; og það sem bezt.

IV.

Það er Íslendingum á Fróni ekki vansalaust, láti þeir nú ekki verða úr því, þegar Stephan G. Stephansson er kominn á sjötugsaldur, að bjóða honum heim, og taka honum sem bezt, vilji hann þiggja boðið.

Gæti slík konungsheimsókn, skáldkonungsins þeirra Vestmanna, orðið drjúgur þáttur til að treysta það band milli Íslendinga vestanhafs og austan, sem ekki má slitna.

29.—31. Okt.

Helgi Pjeturss.